

KV 2024-08

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Handbók um Stofnmælingu fiska að haustlagi - SMH 2024

VERKEFNISSTJÓRN:

*Klara Björg Jakobsdóttir, Einar Hjörleifsson, Höskuldur Björnsson, Jón
Sólmundsson, Kristján Kristinsson, Valur Bogason*



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Handbók um Stofnmælingu fiska að haustlagi – SMH 2024

Höfundar Klara Björg Jakobsdóttir, Einar Hjörleifsson, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Kristján Kristinsson, Valur Bogason

Verkefnisstjóri Klara B. Jakobsdóttir

Samþykkt af Jónas P. Jónasson [Botnsjávarsvið]

Kver Hafrannsóknastofnunar

Númer KV 2024-08

Dagsetning 18. september 2024

Fjöldi síðna 71

Dreifing Opin

Verknúmer 9120

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

SMH hefur farið fram árlega frá árinu 1996. Helsta markmið verkefnisins er að styrkja mat á stofnstærð helstu botnlægra nytjastofna á Íslandsmiðum. SMH er skipulagt með sérstakri áherslu á lífshætti og stofnstærð á grálúðu og djúpkarfa. Auk þess er markmið verkefnisins að afla upplýsinga um útbreiðslu, líffræði og fæðu helstu fiskitegunda á Íslandsmiðum og safna líffræðilegum upplýsingum um djúpfiska. Í gegnum tíðina hefur söfnun í SMH orðið veigamikill þáttur í langtímavöktun lífríkis á hafsvæði Íslands.

Handbók þessi lýsir tækjum, aðferðum og umfangi gagnasöfnunar í Stofnmælingum botnfiska að haustlagi (SMH).

Lykilorð: Handbók, haustrall, stofnmæling, SMH, gagnasöfnun

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Undirbúningur leiðangurs	1
3 Gagnasöfnun	2
3.1 Skráning gagna	2
3.2 Tegundagreining	2
3.3 Lengdarmæling, talning.....	2
3.3.1 Lengdarmæling og talning fiska.....	2
3.3.1.1 Framkvæmd talninga.....	4
3.3.1.2 Kyngreining í lengdarmælingu	4
3.3.2 Lengdarmæling og talning annarra hópa.....	5
3.4 Kvarnasöfnun og vigtun	7
3.4.1 Kvarnasöfnun – Allur aflinn mældur	10
3.4.2 Kvarnasöfnun - Hluti aflans mældur	11
3.5 Fæðugreining	11
3.5.1 Tegundir og umfang	11
3.5.2 Aðferðir og skráning fæðu.....	11
3.6 Skráningar á rusli	15
3.6.1 Aðferð.....	15
3.7 Önnur söfnun fiska og hryggleysingja.....	16
3.7.1 Söfnun sjaldgæfra og illgreinanlegra fiska	16
3.7.2 Söfnun fiska og hryggleysingja fyrir fiskasýningar og skóla	16
3.7.3 Söfnun til mælinga á óæskilegum efnum í matfiski	17
3.7.4 Önnur sýnataka og viðbótarsöfnun.....	18
3.7.4.1 Sníkjudýr í brjóskfiskum	18
3.7.4.2 Nemaverkefni í samstarfi við HÍ	18
3.7.4.3 Nemaverkefni í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða	18

4	Upplýsingar um stöð	19
4.1	Stöðvaupplýsingar	19
4.2	Togupplýsingar	19
4.3	Umhverfispættir	20
5	Togstöðvar	22
5.1	Veiðitilhögun	22
5.2	Bilanir	23
5.3	Fjöldi stöðva.....	23
5.4	Stöðvalisti.....	23
5.4.1	Togstöðvar á grunnslóð	24
5.4.2	Togstöðvar á djúpslóð	28
5.5	Stöðvakort	32
5.6	Athugasemdir við tog	36
5.6.1	Athugasemdir við tog á grunnslóð	36
5.6.2	Athugasemdir við tog á djúpslóð	40
6	Veiðarfæri	47
6.1	Veiðarfæri á grunnslóð (veiðarfæri nr. 77)	47
6.2	Veiðarfæri á djúpslóð (veiðarfæri nr. 78).....	53
6.3	Listi yfir varastykki	62
6.4	Frágangur veiðarfæra eftir leiðangur	63
	Viðauki 1: Síritandi hitamælar og kvörðun á mælum skips.	64
	Viðauki 2: Aflestur upplýsinga frá SCANMAR	65
	Viðauki 3: Villuleit og gæðaeftirlit leiðangursstjóra	68
	Viðauki 4: Mönnun skipa í SMH 2024	70
	Viðauki 5: Skip, netaverkstæði og tengiliðir	71

Myndaskrá

Mynd 1. Mismunandi lengdarmælingar í haustralli.....	3
Mynd 2. Dæmi um hvernig fylla skal út á stöðvablaði.....	19
Mynd 3. Stöðvar á suðvestur svæði í SMH 2024. Græn strik tákna stöðvar Breka (djúpslóð), rauð strik tákna stöðvar Árna Friðrikssonar (djúpslóð) og appelsínugul strik stöðvar Þórunnar (grunnslóð).....	32
Mynd 4. Stöðvar á norðvestur svæði í SMH 2024. Græn strik tákna stöðvar Breka (djúpslóð), rauð strik tákna stöðvar Árna Friðrikssonar (djúpslóð) og appelsínugul strik stöðvar Þórunnar (grunnslóð).....	33
Mynd 5. Stöðvar á norðaustursvæði í SMH 2024. Græn strik tákna stöðvar Breka (djúpslóð) og appelsínugul strik stöðvar Þórunnar (grunnslóð).....	34
Mynd 6. Stöðvar á suðaustursvæði í SMH 2024. Græn strik tákna stöðvar Breka (djúpslóð) og appelsínugul strik stöðvar Þórunnar (grunnslóð).....	35
Mynd 7. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Yfirlitsmynd.....	48
Mynd 8. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Hliðarmynd (miðnet að rossi).....	49
Mynd 9. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Yfirvængur.....	49
Mynd 10. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Undirvængur.....	50
Mynd 11. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Felling á höfuðlínu.....	50
Mynd 12. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Felling á fiskilínu og afli.....	51
Mynd 13. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Undirsláttur á grjóthoppa.....	51
Mynd 14. Gulltoppur, botnvarpa nr. 77, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á grunnslóð. Grjóthoppi.....	52
Mynd 15. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Hliðarmynd (miðnet að rossi).....	54
Mynd 16. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Yfirlitsmynd.....	55
Mynd 17. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Yfirvængur.....	56
Mynd 18. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Undirvængur.....	57

Mynd 19. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Felling á höfuðlínu.	58
Mynd 20. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Felling á fiskilínu og gafli.	59
Mynd 21. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Undirsláttur grjóthoppa.	60
Mynd 22. Gulltoppur, botnvarpa nr. 78, stöðluð fyrir Stofnmælingu botnfiska að haustlagi á djúpslóð. Grjóthoppi.	61

Töfluskrá

Tafla 1. Yfirlit karnasöfnunar í SMH 2024.	Error! Bookmark not defined.
Tafla 2. Tegundanúmer algengustu fæðuhópa.	14
Tafla 3. Innsláttar númer ruslflokka.	16
Tafla 4. Yfirlit yfir söfnun til mælinga á óæskilegum efnum í matfiski.	17
Tafla 5. Lýsing á mati á vindhraða.	20
Tafla 6. Skráning á vindátt.	21
Tafla 7. Skráning á Veðri, skýjum og sjó.	21
Tafla 8. Skráning á Hafis.	21
Tafla 9. Fjöldi stöðva og fyrirhuguð skipting á milli skipa.	23

1 Inngangur

Handbók þessi lýsir tækjum, aðferðum og umfangi gagnasöfnunar í Stofnmælingum botnfiska að haustlagi (SMH).

Stofnmælingar botnfiska að haustlagi (SMH) hafa farið fram árlega frá árinu 1996. Markmið verkefnisins er að fá annað mat, óháð aflagögnum, á stofnstærð þeirra nytjastofna sem SMB nær yfir en einnig að styrkja mat á stofnstærð djúpkarfa og grálúðu en SMB nær ekki yfir útbreiðsluvæði þessara tegunda. Auk þess er markmið verkefnisins rannsaka og safna gögnum um útbreiðslu, líffræði og fæðu tegundanna og safna upplýsingum um djúpfiska og brjóskfiska. Gagnasöfnun í SMH er orðin veigamikill þáttur í langtímavöktun lífríkis á hafsvæði Íslands.

Rannsóknasvæðinu er skipt í grunnslóð og djúpslóð og er skiptingin að mestu miðuð við meginútbreiðslu þorsks, ýsu og gullkarfa annars vegar (grunnslóð) og grálúðu og djúpkarfa hins vegar (djúpslóð). Djúpslóð nær frá 400 m dýpi allt niður á 1500 m dýpi og beinist að grálúðu, sem er að finna víða út af Vestur-, Norður- og Austurlandi, og djúpkarfa, sem er að finna suðaustur, suður og suðvestur af landinu og út með Reykjanes hrygg. Auk þess nær djúpslóðin til þorsks og gullkarfa á landgrunnskantinum.

Bæði rannsóknaskip og leigutogarar hafa verið notuð í verkefnið í gegnum tíðina (stjá töflu 1). Í ár eru togararnir Þórunn Sveinsdóttir VE-401 á grunnslóð (179 stöðvar) og Breki VE-61 á djúpslóð (155 stöðvar) fengnir í verkefnið. Auk þess mun rannsóknaskipið Árni Friðriksson HF-200 rannsaka hluta djúpslóðar (38 stöðvar).

2 Undirbúningur leiðangurs

Áður en haldið er úr höfn þarf að gæta að því að öll rannsóknatæki og verkfæri séu meðferðis og í lagi, stilla upp vinnuáðstöðu og tengja og prufukeyra vogir, tölvur og samskiptatæki.

Um borð í leigutogurum þarf að athuga vel hvort smáir fiskar geti á einhvern hátt tapast úr fiskmóttöku eða af færiböndum. Leiðangursstjóri gengur úr skugga um, ásamt skipverjum, að veiðarfæri séu samkvæmt samþykktri teikningu og að nauðsynleg mælitæki séu til staðar og í lagi.

3 Gagnasöfnun

3.1 Skráning gagna

Allar upplýsingar um tegund, lengd, fjölda talinna, kvörnun, kyngreiningu, vigtun og fæðugreiningu eru skráðar jafnharðan í tölvu með lykllaborði sem tengt er við Marel sjóvog (Hafvog gagnasöfnunarforrit).

Afrit af öllum gögnum er flutt yfir í tölvu leiðangursstjóra, sem bætir við stöðvaupplýsingum og athugar vel hvort allt sé með felldu varðandi gagnasöfnun (sjá Viðauka 3).

Spjaldtölvur hafa verið innleiddar sem hjálpartæki við gagnasöfnun og munu þær m.a. taka við hlutverki plastaðra blaða á vinnusvæði. Þær innihalda allar upplýsingar varðandi gagnasöfnuna auk ítarefnis sem varða tegundagreiningar fiska og ýmissa hryggleysingja auk kynþroska- og fæðugreininga. Leiðangursfólk er hvatt til að nota myndavél spjaldtölvunnar til að mynda sjaldgæfar tegundir, óljós kynþroska stig og fleira af því taginu sem telst óvenjulegt. Athugið að miði með leiðangursheiti og númeri stöðvar sjáist á myndinni.

3.2 Tegundagreining

Um greiningu fiska vísast til bókarinnar „Íslenskir fiskar“ (Gunnar Jónsson & Jónbjörn Pálsson 2013), vefsíðunni „Sjávarlífverur“ og handbókarinnar „Greiningar á tegundum, kynþroska og fæðu“. Spjaldtölvur verða um borð í öllum skipum sem innihalda efni sem hjálpa til við greiningar á ýmsum tegundum, bæði fiska og hryggleysingja. Einnig eru plöstuð blöð um borð.

Ef óljóst er um greiningu skal frysta og færa í land. Æskilegt er að taka myndir á spjaldtölvuna og gæta þess að stöðvarnúmer sjáist á mynd.

3.3 Lengdarmæling, talning

3.3.1 Lengdarmæling og talning fiska


Á hverri stöð skal lengdarmæla ALLAR fisktegundir.

Almenna reglan er að **mæla 2-falt lengdarbilið** sem fiskurinn dreifist á með örfáum undantekningum sem má sjá í 1. töflu. Af öllum tegundum sem ekki eru skráðar í 1. töflu skal einnig mæla 2-falt lengdarbil en nóg er að mæla að hámarki **20** fiska á hverri stöð. Hjá ýmsum djúpfiskum og brjóskfiskum er sýnataka með öðru sniði eins og lýst er í 1. töflu.

Þeir fiskar sem ekki eru mældir skulu taldir.

Dæmi um mælingu skv. 2-földu lengdarbili: Ef samfelld lengdardreifing tegundar er á bilinu 21 – 100 cm, þá dreifst fiskurinn á 80 cm bil og því þarf að mæla 160 fiska til að uppfylla reglu. Afra umfram mælingu skal ávallt telja.

Mælt er að næsta heila cm og til þess notuð mælubretti þar sem fyrsta lengdarbil er hálfur cm. Langflestar tegundir eru mældar frá trjónu aftur á sporðenda (heildarlengd) og gildir það einnig fyrir háfa og skötur (sjá mynd að neðan). Geirnyt og aðrar hámys eru mældar frá trjónu að byrjun sporðugga (Pre Supra-Caudal Fin Length). Fiskar af langhalaætt eru mældir frá trjónu aftur að 1. geisla í raufarugga (Pre Anal-Fin Length) og skal mæla þá í heilum og hálfum cm. Hjá gjölni og berhaus er sporðugginn yfirleitt skaddaður og því skal alltaf mæla lengdina frá snjaldri að enda stirtlu (Standard Length).



Mynd 1. Mismunandi lengdarmælingar í haustralli.

ÓFRÁVÍKJANLEG REGLA ER AÐ MÆLA EITTHVAÐ AF HVERRI TEGUND.

Sýni í lengdarmælingu ber að taka á tilviljunarkenndan hátt svo að lengdarmælingin endurspegli lengdardreifingu í aflanum. Sé lengdardreifing einnar tegundar mjög ójöfn, t.d. ef tiltölulega mikið er af smáfiski miðað við stærri fisk, verður að gæta þess í sýnatöku, að rétt hlutfall fáiast þarna á milli í mælingunni.

3.3.1.1 Framkvæmd talninga

Stórar talningar hafa mikil áhrif á niðurstöðurnar og mikilvægt er að þær séu framkvæmdar rétt. Oft er nauðsynlegt að taka úrtak úr aflanum og miða við ákveðnar einingar t.d. körfur eða trog. Fiskar í einni einingu eru taldir og síðan margfaldað með fjölda eininga.

Ef afli er mikill þarf að taka 2-3 úrtakssýni, t.d. í upphafi mælingar, þegar helmingur aflans er kominn úr fiskmóttöku og í lokin. Einnig má miða úrtakssýni við n -ta (t.d. tíunda) hvert trog. Margfalda síðan fjölda eininga með meðalfjöldanum.

Ef ekki er tekið úrtak heldur talið fisk fyrir fisk, skal að hámarki telja 100 fiska í einu, gefa innsláttarmanni fjöldann og byrja aftur á núlli. Forðast skal að telja tvær tegundir í einu og alls ekki telja fleiri en tvær.

Stórar talningar vekja oft grunsemdir þegar unnið er úr gögnum og því er mikilvægt að þær séu skráðar í sérstakar talningabækur sem síðan eru geymdar með stöðvablöðum. Skrá skal allar talningar yfir 100 fiskum á stöð í talningabók. Best er að innsláttur á talningum í Hafvog fari fram eftir að mælingum er lokið.

LENGDARBILSHÁÐ TALNING:

Ef lengdardreifing tegundar er mjög ójöfn og nánast ómögulegt að hefðbundin lengdarmæling nái að endurspeglar lengdardreifingu aflans, þá er mögulegt í gagnasöfnunarforritinu Hafvog að nota valmöguleikann lengdarbilsháð talning. Þessa aðferð skal aðeins nota í undantekningartilvikum.

Athuga skal að ef lengdarbilsháð talning er notuð skal ekki framkvæma hefðbundna talningu fyrir sömu tegund á sömu stöð.

Dæmi um ýsumælingu þar sem lengdardreifing getur verið mjög ójöfn (urmul af ýsuseiðum en einnig stórar ýsur á milli) : Mælt í það minnsta 2-falt lengdarbil af ýsuseiðum og síðan allar stærri ýsurnar. Öll talningin er þá á ýsuseiðum á lengdarbilinu 11-20 cm. Í valmynd fyrir lengdarbilsháða talningu í Hafvog (undir Mælistöð) er valin tegund og lengdarbil talningarinnar (11-20 cm) skráð auk fjölda taldra. Velja síðan „Reikna“ og þá kemur fram útreiknaður fjöldi á hvern cm. Velja þá „Skrá í gagnagrunn“ og þá eru taldir fiskar skráðir sem mældir.

Það verða því engar taldar ýsur skráðar á þeirri stöð sem þessi aðferð er notuð.

3.3.1.2 Kyngreining í lengdarmælingu

Jafnframt lengdarmælingu skal á hverri stöð kyngreina eftirfarandi tegundir: Hrognkelsi og allar skötutegundir, háfa og hámys (1. tafla).

Jafnframt lengdarmælingu skal á hverri stöð kyn- og kynproskagreina steinbít.

Lengdarmæla og kyn- og kynþroskagreina skal allar tegundir brjóskfiska sem kunna að koma og eru ekki að finna í 1. töflu.

3.3.2 Lengdarmæling og talning annarra hópa

Humar og krabba (t.d. gaddakrabba, trjónukrabba, skessukrabba, sundkrabba) skal skrá sem fjölda dýra undir mæliaðgerð 10-Talning/Þyngdarskráning í *Hafvog*.

Magn rækju skal áætla og skrá í kg undir mæliaðgerð 10-Talning/Þyngdarskráning í *Hafvog*.



Smokkfiskar aðrir en beitusmokkur eru taldir og skráðir (nr. 44) en kápulengd beitusmokks (nr. 639) er mæld.



Kolkrabbar eru taldir og skráðir (nr. 160).




Sæbjúgu skal skrá undir mæliaðgerð 10-Talning/Þyngdarskráning í *Hafvog* en gerður er greinarmunur á tegundinni brimbút sem skráist á nr. 199 (fjöldi og þyngdi í kg) og sæbjúgu ógr. sem skráð eru á nr. 799 (bara þyngd í kg).



Eggjaklasar steinbíts/hlýra eru skráðir undir tegundanúmerinu 904. Ef eggjaklasinn er óskemmdur er hann lengdarmældur og vigtaður (3-Kvörnun í *Hafvog*). Lengdarmælingin er á milli þeirra punkta sem gefa mesta lengd (sjá mynd að neðan). Sé eggjaklasi skemmdur er hann skráður sem talinn.



Algeng stærð á eggjaklasa steinbíts er um 15 cm í þvermál og gera má ráð fyrir að klasar hlýra séu ívið stærri. Í mars má búast við að hrognaklasar séu gráleitir þar sem þroskun lirfanna er langt komin, og ekki er ólíklegt að sjá augu lirfanna í eggjunum.



Pétursskip skal greina og telja og skrá hvort um tóm eða óklakin pétursskip er að ræða. Nota skal plastað myndablað til að greina á milli þriggja gerða pétursskipa og skrá í *Hafvog* (mæliaðgerð 10-Talning/Þyngdarskráning) á eftirfarandi númer: 183-Hámúsategund, 344-Skötutegund og 345-Botnháfategund.



Sjávarspendýr (nr. 1001-1063) og sjófugla (nr. 1100-1171) sem fást í trollið skal telja og skrá í *Hafvog*. Það gerist þó mjög sjaldan. Skráð í gula bók hvort dýrin voru lifandi eða dauð.



Draslhutir sem koma í trollið s.s. bandspottar, flöskur og aðrar umbúðir eru skráðir sem fjöldi og þyngd (g) undir mæliaðgerð 40-Draslskráning í *Hafvog* (sjá kafla [3.6](#)) ATH: Ekki skal skrá drasl sem rekja má til veiðarfæris rannsóknaskips, t.d. bandspotta.



3.4 Kvarnasöfnun og vigtun

Kvarnasöfnun beinist að 22 fisktegund (1. tafla). Kvarna og vigtunarsýnum skal safna með tilviljunarkenndum hætti.

		Lengdarmælingar				Kvarnasöfnun, kyngr. og fæða. Alltaf lengd, kyn og kynpr.								
Nr.	Tegund	Lengdarbil	Kyngreining	Kynproskagreining	Hámarksfjöldi	Hámark/Lágmark	n. hver fiskur	Tíðni (%)	Óslægt	Slægt	Lifur	Hrogn/svil (kynpr.)	Fæðugreining	Fæðugr. athugasemdir
1	Borskur	2				15/10	10	10	x	x	x	x	x	max10
2	Ýsa ⁴⁾	2				10/5	30	3	x	x	x	x	x	
3	Ufsi	2				10/5	5	20	x	x	x	x	x	
4	Lýsa	2												
5	Gullkarfi	2				15/5	10	10	x				x	max10
6	Langa	2				10/1	4	25	x	x	x	x	x	
7	Blálanga	2				10/1	4	25	x	x	x	x	x	
8	Keila	2				10/1	4	25	x	x	x	x	x	
9	Steinbítur	2	x ⁵⁾	x ⁵⁾		5/1	5	20	x	x	x	x		
10	Sléttali	2				(5/5) ¹⁾			x				x	
12	Tindaskata	2	x			(5/5) ¹⁾			x					
13	Hlýri	2 ³⁾				25/1	3	33	x	x	x	x		
16	Háfur	2				(20/20) ¹⁾			x	x	x			
19	Gulllax	2				10/5	30	3	x					
21	Lúða	2				15/15			x	x				
22	Grálúða	2				15/15			x	x	x	x	x	
23	Skarkoli	2				10/3	5	20	x					
24	Þykkvalúra	2				5/3	20	5	x					
25	Langlúra	2				10/3	15	7	x					
26	Stórkjafta	2				10/3	15	7	x					
27	Sandkoli	2				10/3	15	7	x					
28	Skrápflúra	2				1/1			x				x	
33	Spærilingur	2												
48	Hrognkelsi ²⁾	2	x			2/1			x	x	x	x		
49	Búrfiskur	2				25/25			x	x	x			
60	Litli karfi	2												
61	Djúpkarfi	2				25/10	10	10	x				x	
62	Snarphali	2				(5/5) ¹⁾			x				x	
161	Gjölnir	2			20	(5/5) ¹⁾			x					
171	Langhalabróðir	2				(5/5) ¹⁾			x				x	
173	Stinglax	2			20	(5/5) ¹⁾			x				x	
178	Berhaus	2				(5/5) ¹⁾								
184	Karfi ógreindur	2				25/5	10	10	x				x	

1. tafla, framhald. Yfirlit gagnasöfnunar brjóskfiska á hverri stöð í SMH 2024.

		Lengdarmælingar			Kvarnasöfnun, kyngr. og fæða. Alltaf lengd, kyn og kynþr.								
		Lengdarbil	Kyngreining	Kynþroskagreining	Hámarksfjöldi	Hámark/Lágmark	n. hver fiskur	Tíðni (%)	Óslægt	Slægt	Lifur	Hrogn/svil (kynþr.)	Fæðugreining
Nr.	Tegund												
15	Gráskata	20	20	20	(5/5) ¹⁾⁵⁾				x				x
82	Mariuskata	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
87	Pólskata	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
90	Skjótta skata	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
179	Hvitaskata	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
17	Hákarl	Lengdarm. og kyngr.			Sleppa ef lífvænlegur.	Annars skrá kynþr. og fæðugreina.							
64	Dökkháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
96	Svartháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
114	Gíslaháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
118	Jensenháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
125	Loðháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
163	Rauðháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
164	Þorsteinsháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
168	Flatnefur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
174	Gljáháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
570	Mattaháfur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x	x	x		x
39	Geirnyt	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
145	Stuttnefur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
167	Digurnefur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
169	Langnefur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x
175	Trjónufiskur	20	20	20	(5/5) ¹⁾				x				x

¹⁾ Fiskar slegnir inn í kvörnun en kvörnum ekki safnað.

²⁾ 1 hrygna og 1 hængur.

³⁾ Lífvænlegum hlýra sleppt eftir mælingu.

⁴⁾ Í reitum 318,319,320,366,422,473,523,524: Lágmark 15 kvarnaðar og 15 fæðusýni.

⁵⁾ Kyn og kynþroskagreiningu sleppt í steinbít 24 cm og minni.

Hámark og lágmark kvarnasöfnunar á stöð er breytilegt eftir fisktegundum. Þannig er hámarkið fyrir þorsk 15 fiskar og lágmarkið 5 fiskar en fyrir grálúðu er hámarkið 15 fiskar og lágmarkið einnig 15 fiskar. Fyrir djúpkarfa er hámarkið 25 en lágmarkið 10 fiskar. Fyrir ýsu, ufsa, gullkarfa og gulllax er hámarkið 10 fiskar og lágmarkið 5 fiskar. Fyrir löngu, blálöngu og keilu er hámark kvörnunar 10 fiskar og lágmarkið 1 fiskur. Fyrir steinbít er hámark kvörnunar 5 fiskar og lágmarkið 1 fiskur. Fyrir hlýra er hámarkið 25 fiskar en lágmarkið 1 fiskur. Fyrir skarkola, sandkola, langlúru og stórkjöftu er hámark kvörnunar 10 fiskar en lágmarkið 3 fiskar. Fyrir þykkvalúru er hámarkið 5 fiskar en lágmark 3 fiskar. Fyrir skrápflúru er einungis einn fiskur tekinn í kvörnun.

Kvarna skal 15 lúður, og 25 búrfiska á stöð þar sem svo margir fiskar fást.

Karfi >60 cm er kvarnaður og skráður á tegund 184-Gullkarfi.

Hrognkelsi: Á hverri stöð eru kvörnuð 1 grásleppa (hrygna) og 1 rauðmagi (hængur).

Ýmsir djúpfiskar og brjóskfiskar eru ekki kvarnaðir þótt að kyn-, kynþroski, þyngd og fæðugreining sé slegin inn í 3-Kvörnun í Hafvog.

Öðrum brjóskfisktegundum en þeim sem er lýst í 1. töflu skal frysta og færa í land.

Mikilvægt er að fiskum til kvarnatöku sé safnað á TILVILJUNARKENNDAN HÁTT.

Tölvur gefa hljóðmerki við n-ta hvern lengdarmældan fisk. Fiskurinn er tekinn frá til kvörnunar eða kvarnaður strax en ekki lengdarmældur fyrr en við kvörnun.

Þegar kvarnað er skal í öllum tilfellum skrá lengd, kyn og kynþroska. Jafnframt skal vigta (í grömmum) og skrá eftirfarandi atriði (mismunandi eftir tegundum, sjá samantekt í 1.töflu):

- Þyngd fisksins óslægt
- Þyngd fisksins slægt
- Þyngd lifrar
- Þyngd hrogna og svilja hjá kynþroska fiski

Kynþroski er greindur skv. leiðbeiningum í handbókinni „Greiningar á tegundum, kynþroska og fæðu“ eða öðru efni sem má finna í spjaldtölvu og/eða á plöstuðum blöðum.

Athugið að kynþroskagreining getur verið mismunandi milli ólíkra hópa fiska.

Mikilvægt er að rannsóknamenn af sitthvorri vaktinni og leiðangurstjóri beri reglulega saman bækur sínar ef vafi leikur á greiningu kynþroska.

Kvarna skal alla fiska sem lenda í kvörnunarúrtaki – kvörnun er ekki sleppt á minnsta fiski.

Þorska, ýsu og steinbíta minni en 15 cm og gull- og djúparfa minni en 10 cm sem lenda í kvörnun, þarf þó aðeins að lengdarmæla og vigta óslægða auk þess sem kvarnir eru teknar.

Nr.	9
Tegund	1
Staður	TB1-2011-30
Dagsetn.	
Lengd	64 sm
Kyn	1
Kynþr.	2
Aldur	
Þyngd	
Aths.	

Kvarnir **allra tegunda nema gullax og grálúðu** eru settar í kvarnapoka. Til að tryggja tengingu kvarna og mælinga skal skrá á hvern kvarnapoka eftirfarandi atriði:

Númer fisks – tegund – leiðangur – stöð – lengd – kyn – kynþroski

Setja þarf kvarnir vel ofan í pokann því annars geta kvarnir brotnað þegar pokar eru stimplaðir í landi.

Kvarnapokar hvarrar tegundar eru festir saman með teygju (margar) eða bréfastemmu (fáar). Kvarnapokar allra tegunda á hverri stöð síðan festir saman með teygju sem beygli þó ekki kvarnapoka.

Kvarnapokar settir á þurran stað og síðan saman í kassa eða poka.

Tegund:		Bakki nr.:
Stöðvarnúmer	Fyrsta kvörn/hólf	Síðasta kvörn/hólf
	1	

Kvarnir **gullax og grálúðu** eru settar í kvarnabakka. Bakkar skulu merktir **leiðangri - tegund - stöð** og upplýsingar um kvarnabakkann skráðar á sérstakt blað sem fylgja þarf bakkanum. Kvarnir hvernar stöðvar skulu byrja á nýrri röð í bakkanum og kvarnir sömu stöðvar fara í sama bakka.

Kvarnir **grálúðu** eru EKKI þurrkaðar heldur settar strax í bakka og síðan er sett ferskvatn yfir þær (EKKI setja sjó). Að lokum er bakinn settur í frysti.

3.4.1 Kvarnasöfnun – Allur aflinn mældur

Taka skal fyrsta fiskinn af hverri tegund frá til kvörnunar og síðan n -ta hvern fisk eftir það, t.d. 5. hvern ufsa. Hjá tegundum þar sem lágmarksfjöldi kvarnaðra fiska er meiri en einn, skal í upphafi meta hvort það lágmark muni nást miðað við að taka n -ta hvern fisk í kvörnun. Ef sú virðist ekki vera raunin þarf að taka lágmarksfjöldann frá af handahófi áður en lengdarmælingu lýkur.

Dæmi um kvarnasöfnun: Lengdarbil ufsa reynist 50 cm, en 60 fiskar í halinu og því allir mældir (hámarksæling = 100 fiskar). Fimmti hver fiskur (20%) er hent frá í kvörnun $0.2 \times 60 = 12$ fiskar. Hámark er hins vegar einungis 10 fiskar þannig 10 fiskar eru kvarnaðir á stöðinni og þeim tveim sem ganga af er bætt við mælingu.

Annað dæmi: Lengdarbil ýsu reynist 50 cm og mæling því $2 \times 50 = 100$ fiskar skv. reglunni en aðeins 90 ýsur eru í halinu. Fimmtugasta hver ýsa (3%) er kvörnuð úr lengdarmælingu $0.03 \times 90 = 3$ ýsur. Fimm fiska kvarnalágmark er ekki uppfyllt og því teknar tvær ýsur í viðbót í lok mælingar þegar ljóst er að kvarnalágmark næst ekki.

3.4.2 Kvarnasöfnun - Hluti aflans mældur

Þegar afli er það mikill að hann er ekki allur mældur, lítur dæmigerður vinnuferill við mælingu og kvörnun út eins og líst er hér að neðan.

Svona lítur dæmigerður vinnuferill við mælingu á þorski út þegar aðeins hluti aflans er mældur:

1. *Lengdarbilið reynist vera 60 cm og mæling því $2 \times 60 = 120$ fiskar.*
 2. *Tíundi hver fiskur (10%) úr lengdarmælingu eru teknir frá til kvörnunar (0.1×120) = 12 fiskar.*
 3. *Við talningu á því sem eftir er skal 10. hver fiskur tekinn til kvörnunar.*
Taldir fiskar reynast 200 og væru því $0.10 \times 200 = 20$ fiskar til viðbótar í kvörnun ef ekki væri hámark.
 4. *Reiknuð heildarkvörnun væri því 32 fiskar, en þar sem hámarkskvörnun er 15 þorskar á stöð gildir það og einungis 3 fiskar úr talningunni eru kvarnaðir.*
-

3.5 Fæðugreining

3.5.1 Tegundir og umfang

Úr eftirfarandi fisktegundum sem kvarnaðar eru skal jafnframt greina fæðu: Þorskur-1, ýsa-2, ufsi-3, gullkarfi-5, langa-6, blálanga-7, keila-8, grálúða-22, skrápflúra-28, djúpkarfi-61 og karfi >60cm-184 („aldamótakarfi“). Auk þessara fiska skal greina fæðu úr eftirfarandi fiskum sem er ekki kvarnaðir: Slétthali-10, snarphali-62, stinglax-173 auk skata, háfa og há músa þ.e. gráskata-15, maríuskata-82, pólskata-87, skjótta skata-90, hvítaskata-179, dökkháfur-64, svartháfur-96, gíslaháfur-114, jensenháfur-118, loðháfur-125, rauðháfur-163, þorsteinsháfur-164, flatnefur-168, gljáháfur-174 og mattaháfur-570.

3.5.2 Aðferðir og skráning fæðu

Best er að greina magasýni samhliða kvörnun og skrá jafnóðum með innsláttarforritinu *Hafvog*.

Við kvörnun spyr forritið um „Ástand maga“ í lok aðgerða fyrir hvern fisk. Ástand maga er flokkað í fimm flokka:

1. Með fæðu
2. Tómur
3. Ældur
4. Ómelt leif
5. Úthverfur


Ef magi fisks er tómur (2) eða úthverfur (5) er gagnasöfnun fyrir viðkomandi fisk lokið og forritið biður um lengd næsta fisks í kvörnun.

Ef ástand maga er 1, 3 eða 4 þarf að greina fæðuna. Það er gert í beinu framhaldi af skráningu magaástands. Ástand maga er = 3 ef öruggt er að eitthvað af fæðunni hafi tapast.

1. Magaástand skráð (1, 3 eða 4) og ýtt á **ENT**-hnappinn.
2. Fæðuhópur valinn með tegundanúmeri (sjá 2.töflu) og síðan staðfest með **ENT**-hnappnum. **Ef lengdarmæla á bráðina er það gert á þessu þrepi.**
3. **Ef lengdarmæla á bráðina** þá skal velja **F5** strax og fæðuhópur hefur verið valinn og er þá komið inn í lengdarmælingarham fyrir bráð. Þegar lengdarmælingu er lokið fyrir þessa ákveðnu bráð er **F8** notað til að komast til baka í fæðuhópinn.
4. Heildarfjöldi (þ.e. bæði lengdarmældir og ómældir) er síðan skráður og staðfest með **ENT**-hnappnum. Ef ekki reynist unnt að telja eða áætla fjölda bráðar skal nota **F7** til að komast áfram að næsta lið (þyngd).
5. Fæðuhópurinn settur á vogina og heildarþyngd staðfest með **ENT**-hnappnum. Síðan er næsti fæðuhópur valinn.
6. Þegar öll fæða hefur verið skráð er **F8** notað til að fara í næsta ránfisk.

Við greiningu fæðu skal eftirfarandi haft í huga:

- Hafna skal bráð sem **algerlega öruggt** er að étin hefur verið í trollinu, t.d. fæðudýr með lífsmarki. Önnur ómelt bráð getur hafa verið étin skömmu áður en fiskurinn lenti í trollinu og telst því góð og gild.
- Fiskar skulu greindir til tegundar ef hægt er, annars eins langt í flokkunarfræðinni og menn treysta sér miðað við aðstæður. Fyrir hvern fæðuhóp skal telja fjölda fiska og vega.
- Lengdarmæla skal þá fiska sem hægt er. **Lengdarmælingar á fiskbráð eru skráðar í mm.** Við lengdarmælingu eru notuð mælíbretti með 5 mm bilum.



- Áherslu skal leggja á að mæla og kyngreina lítið meltar loðnur. Ef ekki er hægt að greina kyn loðnunnar **skal nota F7** til að sleppa þeim skráningum.
 - Mikilvægt er að mæla loðnu þótt aðeins ein eða fáar loðnur séu í sýninu.
 - Nóg er að mæla **30 loðnur á stöð** úr mögum.

Dæmi um vinnuferli við lengdarmælingu loðnu úr mögum

- * Velja **F5** strax og fæðuhópurinn loðna hefur verið valinn og staðfestur og er þá komið inn í lengdarmælingarham.
 - * Þegar lengdarmælingu er lokið er **F8** notað til að komast til baka í fæðuhópsham
 - * Heildarfjöldi loðnu (fjöldi úr lengdarmælingu og ómældar loðnur) er síðan skráður og staðfestur með **ENT**-hnappnum
 - * Loðnan er sett á vogina og heildarþyngd staðfest (**ENT**-hnappur)
 - * Þegar fæðugreiningu úr viðkomandi þorski er lokið er **F8** notað til að komast í næsta fisk
-

- Rækjutegundirnar stóri kampalampi (*Pandalus borealis*), litli kampalampi (*Pandalus montaquii*) og ísrækja (*Hymenodora glacialis*) skulu greindar til tegundar ef hægt er.
- Aðrir hryggleysingar skulu greindir til hópa og rétt er þá að styðjast við plastaða lista yfir algengustu fæðuhópa (sjá næstu síðu).
- Greina og skrá skal agnir (#271) sérstaklega tegundina (*Gnathopausia zoea* #492, sjá mynd)



- Listi yfir fæðuhópa er byggður á tegundanúmerum í gagnagrunni. Hægt er að nota örvatakkana til að leita að fæðuhópnum í forritinu ef tegundanúmerið er ekki þekkt.
- **Plast sem finnst í mögum skal skrá í Hafvog undir númerinu 998.**

Mögulegt er að fresta greiningu magasýnis eða greina fæðu til hliðar við kvarnasöfnun. Þá er mikilvægt að tengingin milli kvarnasýnis og magasýnis sé rétt. Tengiliðurinn er annars vegar **stöðvarnúmerið** og hins vegar **kvarnanúmer fisksins**, sem er hlaupandi númer á hverri stöð. Þegar fæðugreiningu er frestað skal kvarnanúmer fylgja magasýni þar til greiningu þess er lokið og tenging kvarnasýnis og magasýnis er tryggð.

Ef fresta á greiningu magasýna, þá er við kvörnun ýtt á **F8** eftir að magaástand hefur verið skráð og er þá beðið um lengd næsta fisks. Þetta gildir ef magaástand var skráð „1 Með fæðu“, „3 Ældur“ eða „4 Ómelt leif“, annars þarf ekki að hugsa um sýnið frekar.

Þegar fæðusýnin eru greind er stöðin opnuð og mæliaðgerð **20-Fæðugreining** valin. Tegund og númer fisks (kvarnanúmer) er síðan gefið upp og fæðugreiningu haldið áfram eins og lýst er að framan.

Fæðugreining getur í mörgum tilfella verið snúin og krefst athyglisgáfu og kunnáttu mælingarmanna. Æskilegt að er að óvant rannsóknarfólk kynni sér það efni sem finna má í spjaldtölvu. Einnig er mikilvægt að miðla á milli vakta og spjalla um álitamál. Enn fremur er bent á að myndir geta reynst afar hjálplegar og rannsóknarfólk hvatt til að nota myndavél í spjaldtölvu til að bera saman myndir um álitamál, óvissu eða „furðulegheit“.

Tafla 1. Tegundanúmer algengustu fæðuhópa

Hópur	Tegnr.	Ísl. heiti	Lat. heiti
Fiskar hópar	302	Fiskar ógr.	Pisces
	29	Flatfiskar	Heterosomata
	1250	Gulllaxaætt	Argentinidae
	50	Karfar	<i>Sebastes</i> sp.
	75	Laxsildaætt	Myctophyidae
	84	Mjónar	Lumpenix
	85	Mjórar	<i>Lycodes</i> sp.
	301	Sílaætt	Ammodytidae
	300	Þorskfiskar	Gadidae
Fiskar tegundir	56	Áttstrendingur	<i>Leptagonus decagonus</i>
	57	Blákjafta	<i>Rhinonemus cimbricus</i>
	65	Flekkjamjóni	<i>Leptoclinus maculatus</i>
	5	Gullkarfi	<i>Sebastes marinus</i>
	34	Kolmunni	<i>Micromesistius poutassou</i>
	74	Krækill	<i>Arteidiellus atlanticus</i>
	60	Litli karfi	<i>Sebastes viviparus</i>
	31	Loðna	<i>Mallotus villosus</i>
	88	Rauða sævesla	<i>Onogadus argentatus</i>
	30	Sild	<i>Clupea harengus</i>
	136	Skjár	<i>Bathylagus euyops</i>
	28	Skrápflúra	<i>Hippoglossoides platessoides</i>
	33	Spærlingur	<i>Trisopterus esmarki</i>
	9	Steinbitur	<i>Anarhichas lupus</i>
	94	Stóri mjóni	<i>Lumpenus lampretaeformis</i>
	2	Ýsa	<i>Melanogrammus aeglefinus</i>
1	Þorskur	<i>Gadus morhua</i>	
53	Þrömmungur	<i>Triglops murray</i>	
Krabbadýr	271	Agnir (selagnir)	Mysida
	190	Árfætlur (krabbaflær)	Copepoda
	182	Einbúakrabbar	Pagurus
	40	Humar	<i>Nephrops norvegicus</i>
	52	Ísrækja	<i>Hymenodora glacialis</i>
	308	Krabbadýr	Crustacea
	305	Krabbar	Decapoda
	51	Litli kampalampi	<i>Pandalus montaqui</i>
	304	Litli trjónukrabbi	<i>Hyas coarctatus</i>
	186	Ljósáta	Euphausiacea
	306	Marflær botnl.	Gammaridea
	307	Marflær svif.	Hyperiidæ
	41	Rækja (Stóri kampalampi)	<i>Pandalus borealis</i>
	303	Rækjur ógr.	Natantia
403	Tenglingar	<i>Mundia</i> sp.	
492	Ögn	<i>Gnathophausia zoea</i>	
Lindýr Skrápdýr Annað	311	Botndýr ógreind	Benthos unid.
	314	Burstaormar	Polychaeta
	191	Ígulker	Echinoidea
	313	Kambhveljur	Ctenophora
	160	Kolkrabbar	Cephalopoda
	310	Kuðungar	Gastropoda
	999	Ógreinanlegt	Unid.
	193	Pílormar	Chaetognata
	998	Plast	Plast
	309	Samlokur	Bivalvia
	312	Slöngustjörnur	Ophiuroidea
490	Steinar		
199	Sæbjúgu	Holothuriodea	
445	Sæköngulær	Pycnogonidae	

3.6 Skráningar á rusli

3.6.1 Aðferð

Plasthlutir og annað rusl sem kemur í trollið eru skráð sem fjöldi og heildarþyngd (g) undir mæliaðgerð 40-Draslskráning í Hafvog.



Fyrst þarf að ákvarða hverjum af eftirfarandi 3 yfirflokkum draslið tilheyrir:

- 1 Veiðarfæri
- 2 Sjávarútvegur (annað en veiðarfæri)
- 3 Rusl (sem ekki er hægt að rekja með vissu til sjávarútvegs)

T.d. eru bandspottar og netadræsur skráð undir 1 Veiðarfæri, en flöskur og dósir undir 3 Rusl.

Hverjum yfirflokki er skipt í nokkra undirflokk þar sem draslið er flokkað nánar. Ef draslið fellur ekki undir neinn skilgreindra undirflokk, skal skrá það sem undirflokk 99-Annað. Þegar 99-Annað er notað þarf að skrifa í talningabók hvers konar drasl var um að ræða, auk þyngdar.

Ef draslið er greinilega manngert, en ómögulegt er að greina nánar, skráist það í yfirflokk 3 Rusl og undirflokk 98-Ógreinanlegt.

Ekki skal skrá drasl sem rekja má til leiðangur rannsóknaskips. Þar er yfirleitt um að ræða bandspotta sem til falla vegna viðgerða á trolli eða brotnar flotkúlur.

Bæði skal skrá drasl sem kemur með fiski í fiskmóttöku, og drasl sem skipverjar fjarlægja úr trolli á dekki. Mikilvægt er að áhafnir fái kynningu á þessari skráningu í upphafi leiðangurs. Þyngd þeirra hluta sem eru of þungir eða fyrirferðarmiklir til að flytja niður á millidekk, skal áætla og slá inn í Hafvog í grömmum.

Tafla 2. Innsláttar númer rusflokka

Mæliaðgerð	ID Yfirflokkur	ID Flokkur	Skýring
40 - Draslskráning			
	1 Veiðarfæri	1 Bandspottar	<10 mm þvermál - sjá myndir
		2 Kaðlar/Tóg	>10 mm þvermál - sjá myndir
		3 Net úr trolli	Netskurður eða hluti botn- eða flotvörpu eða dragnótar - sjá myndir
		4 Lagnet	Netskurð eða hluti lagneta (Grásleppunet, Þorskanet og fl.)
		5 Lína	Lína og krókar
		6 Handfæri	Monofilament og krókar
		7 Flotkúlur	Heilar kúlur eða brot - sjá myndir
		8 Gúmmibobbingar	- sjá myndir
		9 Stálbobbingar	
		10 Vír/Keðjur/Lásar	- sjá myndir
		99 Annað veiðarfæri	Rusl úr veiðarfæri sem er ekki hægt að flokka í 1-10
	2 Sjávarútvegur	1 Sjófatnaður	Gallar, vettlingar, stígvél
		2 Fiskikör/Kassar	Heilt og brotið
		3 Umbúðir	Allar umbúðir sem tengjast sjávarútvegi
		4 Miðar/Merki	T.d. kara merki
		5 Fiskvinnsla ogr.	T.d færiband
		99 Annað frá sjávarútvegi	Sjávarútvegsrusl sem er ekki hægt að flokka í 1-5
	3 Rusl	1 Plast - Plastflöskur	
		2 Plast - Plastbrúsar	
		3 Plast - Plastpokar	
		4 Plast - Filma - Rúlluplast	Öll plastfilma sem er ekki plastpoki
		5 Málmur - Áldósir	
		6 Gler - Glerflöskur	
		7 Fatnaður	Föt, skór og fleira
		10 Hreinlætisvörur - ógr.	Klárlega hreinlætisvörur en ekki til sem flokkur
		11 Hreinlætisvörur - Dömub/Tampon	
		12 Hreinlætisvörur - Bleyjur	
		13 Hreinlætisvörur - Blautþurrkur	
		20 Plast - ógr.	Klárlega plast en ekki til sem flokkur
		30 Málmur - ógr.	Klárlega málmur en ekki til sem flokkur
		40 Tímur - ógr.	Klárlega tímur en ekki til sem flokkur
		50 Pappir/Pappi - ógr.	Klárlega pappir/pappi en ekki til sem flokkur
		60 Gler - ógr.	Klárlega gler en ekki til sem flokkur
		70 Gúmmi - ógr.	Klárlega gúmmi en ekki til sem flokkur
		71 Gúmmi - Dekk	
		98 Ógreinanlegt	Allt manngert efni sem ekki er hægt að greina
		99 Annað alm. rusl	Almennt rusl sem er ekki hægt að flokka

3.7 Önnur söfnun fiska og hryggleysingja

3.7.1 Söfnun sjaldgæfra og illgreinanlegra fiska

Ef vafi leikur á tegundagreiningu þá skal frysta eintök merkt stöð og leiðangri. Á merkimiðanum skal koma fram hvort að tegund hafi verið slegin inn í Hafvog (og þá, undir hvaða tegundanúmeri) eða ekki. Eins og tekið er fram í kafla 3.2 þá skal styðjast við bókina „Íslenskir fiskar“ eftir Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson á greiningum fiska auk handbókarinnar „Leiðbeiningar um greiningar á tegundum, kynþroska og fæðu“. Allt efni sem notast er við á sjó má finna í spjaldtölvunni en einnig verða plöstuð blöð um borð á skipunum til að styðjast við. Rannsóknarfólk er hvatt til að taka myndir. Við myndatöku skal muna eftir að miði með leiðangursheiti og stöðvarnúmer sjáist á mynd.

3.7.2 Söfnun fiska og hryggleysingja fyrir fiskasýningar og skóla

Hafrannsóknastofnun hefur staðið að sýningu á fjölmörgum tegundum fiska og hryggleysingja á sjómannadaginn. Um borð í Árna skal safna eintökum af öllum helstu tegundum sem veiðast í haustralli eða skv. lista sem verður til staðar í rannsóknastofu og fryst. Þegar tegund er tekin til hliðar skal merkja við á listanum og jafnframt skrifa númerið á þeim kassa sem viðkomandi tegund er lögð í. Skrá þarf

nafn tegundar á miða sem fylgir fisknum. Þessi söfnun fer aðallega fram um borð í Árna Friðrikssyni en einnig um borð í Breka verður þess kostur.

Ef framhaldsskólar óska eftir söfnun fiska til notkunar í kennslu reynum við að verða við þeirri ósk.

3.7.3 Söfnun til mælinga á óæskilegum efnum í matfiski

Matís sér um verkefni sem lýtur að því að meta styrk mengunarefna í ætilegum hluta sjávarfangs. Tilgangurinn er meðal annars safna gögnum sem nýtt verða til þess að geta sýnt fram á öryggi og heilnæmi íslenskra sjávarafurða. Efni sem mæld verða eru m.a. þungmálmar, díoxín og PCB efni, lífræn tinsambönd og mikill fjöldi varnarefna (skordýraeitur og plöntueitur). Tafla hér fyrir neðan er yfir þau sýni sem óskað er eftir

Efnin eru í ákaflega lágum styrk í holdi og mikilvægt að forðast alla efnamengun sem gæti borist í holdið. Þess skal gætt að fiskurinn komist ekki í snertingu við óhreinindi.

1. Fiskur er blóðgaður þegar við á, en ekki þarf að slægja.
2. Hver fiskur er settur sér í plastpoka.
3. Merkimiði með eftirfarandi upplýsingum er settur í lítinn plastpoka, sem komið er fyrir í plastpokanum með fiskinum.

Tegund – leiðangur – stöðvarnúmer - stærðarflokkur - nr. fisks

4. Hvert sýni (10 fiskar) er svo látið í sér kassa, kassinn merktur. ATH ef EKKI fást 10 fiskar af sömu stöð er mikilvægt að allir 10 fiskarnir komi af sama svæði/fiskimiðum, nauðsynlegt er að tilgreina stöðvarnúmer fyrir hvern einstakling

5. Að lokum er allt sýnið fryst sem fyrst.

Tafla 3. Yfirlit yfir söfnun til mælinga á óæskilegum efnum í matfiski

Tegund	Svæði	Skip	Fjöldi	Stærðarbil (cm)
Skarkoli		Þórunn	10	40-50
Steinbítur	V	Þórunn	10	30-40
Grálúða	V	Árni	10	Sem jafnast, það sem fæst
Grálúða	N	Breki	10	Sem jafnast, það sem fæst
Hlýri	V/N	Þórunn	10	Sem jafnast, það sem fæst

3.7.4 Önnur sýnataka og viðbótarsöfnun

3.7.4.1 Sníkjudýr í brjóskfiskum

Um er að ræða söfnun fyrir rannsóknarverkefni styrkt af RANNÍS en einnig annarra verkefna sem lúta að sníkjudýrum; þróun og útbreiðslu þeirra í brjóskfiskum. Safnað verður sníkjudýrum úr brjóskfiskum fyrir verkefni sem snýr að því að kortleggja sníkjudýra fínu brjóskfiska við Ísland og meta fjölbreytileika sníkjudýra í stærra samhengi við líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins. Gestateymi mun sjá um þessa söfnun um borð í Árna.

3.7.4.2 Nemaverkefni í samstarfi við HÍ

Háskólanemi á framhaldsstigi taka þátt í haustralli og verður um borð í Árna. Hann mun sinna verkefni sem lýtur að líffræði botnháfa.

3.7.4.3 Nemaverkefni í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða

Safna skal fimm tegundum mjóra um borð á Breka og á Þórunni fyrir háskólanema á framhaldsstigi við Háskólasetur Vestfjarða. Safna skal fjórum tegundum mjóra á Breka: Blettamjóra (59), dílamjóra (63), fölvamjóra (113), hálfbera mjóra (69) og tvírákamjóra (98). Safna skal litla mjóra (79) á Þórunni. Af hverri tegund skal safna að hámarki 50 fiskum og að hámarki sex á stöð.

4 Upplýsingar um stöð

4.1 Stöðvaupplýsingar

Efri hluti stöðvablaðs, þ.e. upplýsingar um tog og umhverfisþætti, fyllist út af skipstjóra og 1. stýrimanni í samráði við leiðangursstjóra. Allar athugasemdir um viðkomandi stöð skal skrá í athugasemdadálk á stöðvablaði í Hafvog. Athugasemdir við gagnasöfnun, t.d. ef sýni er tekið til frýstingar eða upplýsingar um aðra gagnasöfnun skal skrá í athugasemdadálk í Hafvog.

Skráning á heildarafla (kg) á stöðvablað og í Hafvog. Heildarafla skal áætlaður í hverju togi í kg, t.d. 50, 100, 250, 500, 1000, 2000, 3000 kg o.s.frv. Þetta er best að gera í fiskmóttöku á togurum en á Árna Friðrikssyni er allur afli vigtaður í trogvog fyrir flokkun. Áætlaður heildarafla stöðvarinnar er skráður í talningabók og leiðangursstjóri skráir hann síðan á stöðvablað og í Hafvog í reitinn Afli (kg.). Taka þarf fram ef stór hluti aflans er eitthvað sem ekki er mælt, t.d. botndýr eða möl.

Leiðangursstjóri ber áætlaðan heildarafla saman við útreiknaðan afla í Hafvog skv. stöðvablaði. Útreiknaður afli byggir á fjölda fiska eftir lengd og lengdar-þyngdar samböndum. Þessi samanburður er hluti af gæðaeftirliti leiðangursstjóra (Sjá Viðauka).

Leið. eink.	Ár	Stöð	Sk. Skr.nr.	Vindátt	Lofthiti°	Síriti
TB1	2015	25	1278	05	2	
Dags. / mánn.				Vindhraði	Botnhiti°	Sonda
10/3				10	2,3	
Reitur	Smár.	Tog. nr.	Sjór	Yfirborðshiti°	DST	
666	1	1	4	2,5	C6427	
	Skíki	Fjarðarreitur	Veður	Hiti á togdýpi°		
			1			
Veifaræri nr.	Möskvastærð	Grnd. lengd fm.	Ský	Sjónkýpi (m)		
73	40	35	5			
Kennitala veiðaf.		Heildaraflí	Lofnvog	Ís		
12		700	998			
Kastað	N. br.	V. ló.	Híft	N. br.	V. ló.	
	66°45'73	16°47'30		66°49'71	16°45'85	
	Kl.	Togstefna°		Kl.	Vir úti (fm)	
	12:45	5		13:48	200	
	Botndýpi (m)	Togdýpi (m)		Botndýpi (m)	Togdýpi (m)	
	110			126		
	Lódrétt opnun (m)	Hlerabil (m.)		Toglengd (sjm)	Togtími (mín)	Toghraði (sjm)
	2,4	85		4	63	3,8

Mynd 2. Dæmi um hvernig fylla skal út á stöðvablaði.

4.2 Togupplýsingar

Fyrir hvert tog (stöð) skal fylla út eitt stöðvablað. Þar skal færa inn leiðangurseinkenni (t.d. TTH1 þ.e. togarinn Þórunn Sveinsdóttir, fyrsti leiðangur á viðkomandi ári), ártal, stöð sem er hlaupandi númer, skipaskrárnúmer viðkomandi skips og dagsetningu. Einnig skal skrá númer reits (tilkynningaskyldureits), sem viðkomandi tog er í og smáreit, þá tognúmer sem er fast stöðvarnúmer innan hvers reits (sjá stöðvalista og stöðvakort). Sérstaklega skal hafa í huga að smáreit hvers togs hefur verið ákvarðaður, sbr. stöðvalista, og skal skráður á stöðvablað samkvæmt því. Skrá skal númer veiðarfæris (77 fyrir veiðarfæri á grunnslóð og 78 fyrir veiðarfærið á djúpslóð, sbr. teikningu), möskvastærð (40 mm), grandaralengd (35 fm fyrir grunnslóð og 36 fm fyrir djúpslóð) og kennitölu veiðarfæris.

Þá skal skrá staðsetningu í lengd og breidd (í gráðum, mínútum og broti úr mínútu), skv. staðarákvörðun GPS, dýpi í metrum og tíma (klukkan, 4 stafa tala) við upphaf og endi togs. Tog byrjar þegar varpan er komin í botn og endar þegar hífing hefst. Skrá skal togstefnuna í gráðum, ennfremur vír úti (fm). Toghraði og tog lengd skulu skráð og miðast við útreikninga GPS. Lóðréttu opnun vörpunnar og hlerabil (meðaltölu á toginu) skal skrá í metrum samkvæmt upplýsingum frá veiðarfæranemum.

Ef ekki næst að taka fullt tog, s.s. vegna festu eða annarra þátta, skal skilmerkilega skrá ástæðu þess, þ.m.t. staðsetningu á festu.

4.3 Umhverfispættir

Eftirfarandi upplýsingar um veðurfar og aðra umhverfispætti skal skrá á hverri togstöð:

